

Nd.

172. Frumvarp

til laga um ölgerð og sölumeðferð öls.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Auðunn Jónsson, Hannes Jónsson,
Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Öl, sem hefir undir 2% af áfengi að vigt, telst óáfengt, en sterkara öl telst áfengt.

2. gr.

Um leyfi til ölgerðar og sölu öls, sem ekki telst áfengt, fer eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. En leyfi til áfengrar ölgerðar getur fjármálaráðherra veitt til 5 ára í senn gegn 40000 kr. gjaldi, sem rennur í rikissjóð. Þó má eigi leyfa sterkari ölgerð en nemi 4% af áfengi að vigt, þegar það er fullgerað.

3. gr.

Um gjald af óáfengu öli fer eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Af áfengu öli greiðist í rikissjóð 40 aurar af hverjum litra, sem framleiddur er til sölu innanlands, en 5 aurar af því, sem út er flutt.

5. gr.

Þeim, er hlotið hafa leyfi til framleiðslu áfengs öls samkvæmt 2. gr., er heimil sala á því til einstakra manna, verzlana og opinberra veitingastaða, þó eigi minna í senn en sem nemur 25 ½-flöskum. Söluleyfi verzlana og veitingastaða er háð samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar, og greiðist gjald fyrir, er rennur í viðkomandi bæjar- eða sýslusjóð, og skal það eigi vera minna en 200 kr. árlega fyrir opinbera veitingastaði og 100 kr. fyrir verzlanagerð. Leyfi þetta gildir til eins árs í senn og framlengist sjálfkrafa, sé því ekki sagt upp af réttum aðiljum a. m. k. þrem mánuðum áður en leyfið er útrunnið ár hvert. Verði leyfishafi brotlegur við gildandi áfengislöggjöf, missir hann fyrirvaralaust söluleyfi það, er hann hefir hlotið samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Fyrirmæli laga um innlendar tollvörutegundir gilda um hið áfenga öl, eftir því sem við getur átt; þar á meðal heimild ráðherra til að setja reglugerð eða reglugerðir, ákveða sektir fyrir brot, um gjaldfrest o. fl.

7. gr.

Ákvæði annara laga, sem koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að innflutningur og notkun hinna svonefndu Spánarvína fer hraðvaxandi, samhliða því, að óleyfileg bruggun eykst í landinu. Öl verður að teljast meðal hinna meinlansustu drykkja, þeirra, sem áfengi er í, og telja margir líklegt, að ef leyft væri að framleiða hér áfengt öl, mundi það draga úr notkun Spánarvínanna. Ölið yrði framleitt hér á landi, og eins og nú er ástatt í heiminum yfirleitt, þykir það og er hinn mesti kostur, að hvert einstakt land þurfi sem minnst inn að flytja. Önnur aðalástæðan fyrir þessu frumvarpi er því að gera tilraun til að draga úr innflutningi áfengra drykkja, en hin aðalástæðan er að bæta úr sívaxandi fjárförf rikissjóðs. Líta má á það, að sennilegt er, að ef áfengt öl væri fáanlegt í landinu, mundi talsvert draga úr hinni óleyfilegu bruggun og smyglun. Bruggarar og smyglarar mundu áreiðanlega vera litnir öðrum augum af allmiklum fjölda landsmanna, ef tiltölulega meinlaus drykkur, framleiddur í landinu sjálfu, fæst á löglegan hátt.

Hve miklar tekjur rikissjóður mundi fá af ölgerð, ef frumvarp þetta yrði að lögum, er ekki unnt að segja. En ganga má út frá, er tímar líða, að þær verði talsverðar. Hér verður engin tilraun gerð til að reikna það út, enda yrði það fremur verkefni þeirrar nefndar, sem fær málið til meðferðar.

Aðalatriði frumvarpsins er vitaskuld 2. gr. þess, um að leyfa framleiðslu áfengs öls, og hefir verið minnst á það hér að framan: Um leyfisbréfsgjaldið og tollinn af ölinu má deila, hversu hátt skuli vera, og er það auðvitað, að um þau atriði eru flm. frumvarpsins fúsir til samninga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að áfengismagn ölsins miðist við vigt, en ekki rúmtak. Er það í samræmi við ákvæði, sem um þetta gilda hvarvetna, þar sem leyfð er framleiðsla áfengs öls, og þykir betur henta í framkvæmd, en hefir ekki þýðingu fyrir styrkleika ölsins, með því að þyngdarhlut má ákveða eftir vild.

Frumvarpið er byggt á þeim grundvelli að raska sem minnst gildandi löggjöf. Tilætlunin er alls ekki að leyfa innflutning áfengs öls, og yfirleitt er ekki hreyft við áfengislöggjöfinni að öðru leyti en því, að framleiðsla áfengs öls og sala er leyfð.

Um allt, er snertir innheimtu gjaldsins, eftirlit með því, að það sé greitt og annað, sem þurfa þykir, er gert ráð fyrir, að ráðherra ákveði með reglugerð. Má um þetta (sbr. 6. gr. frumvarpsins) vísa til laga nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og breyt. á þeim lögum frá 1931 (l. nr. 42 1931), og er ætlað til, að valdsvið ráðh. eftir þessu frv., ef að lögum verður, sé engu þrengra en eftir hinum nefndu lögum.

Hinar einstöku gr. frv. virðast ekki þurfa skýringar.